

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 13. TBL.

20. NÓVEMBER 2009

Kennsla á opinn hugbúnað í skólakerfinu

Umræða um opinn (og frían) hugbúnað hefur aukist í íslensku samfélagi í kjölfar kreppunnar, þ.e. hann er talinn vera spurning um fjárhagslega hagkvæmni. Opinn hugbúnaður er þó ekki krepputákn. Hann er frekar tákn um nýja tíma í hugbúnaðarþróun. Opinn hugbúnaður er ekki alltaf ókeypis þótt hann sé það oftast nær. Innleiðsla opins hugbúnaðar felur líka í sér kostnað líkt og á við hvern annan séreignarhugbúnað.

Í skólakerfinu í Hafnarfirði eru nokkrir aðilar að þróa notkun opins hugbúnaðar. Skólaskrifstofan fékk í vetur sérstakan styrk til að vera með fræðslu á því sviði. Á haustönn var sérstök fræðsla um Linux stýrikerfið, um notk-un

Moodle vefnámskerfis og kennt hefur verið um stafræna myndvinnslu fyrir kennara í nokkur ár á frían hugbúnað, Paint.Net. (Hann er þó ekki opinn, aðeins ókeypis).

Þá hefur Lækjarskóli verið að innleiða breytingar hjá sér með uppsetningu Linux stýrikerfisins í skólanum og notkun á fríum hugbúnaði (t.d. Firefox vafra og OpenOffice skrifstofuvöndlinum auk annarra opinna forrita).

Gera má ráð fyrir að notkun opins hugbúnaðar aukist í íslenska skólakerfinu á næstu árum. Það er t.d. stefna ríkisvaldsins að nýta sem mest opinn hugbúnað fyrir opinberan rekstur. Einn fyrsti liður þess var að haustið 2009 var OpenOffice hugbúnaðurinn samþykktur sem fullnægjandi fyrir stjórnábyrgð á Íslandi í



Margrét og Sólveig, stærðfræðikennarar í Víðistaðaskóla, hafa verið í forystu um að nýta opna vefnámskerfið Moodle sem kennslugagnaveitu fyrir stærðfræðikennara í Hafnarfirði.

stað MSOffice og þá líka fyrir skólastarf. Framhaldsskólarnir MA og VMA eru dæmi um slíkt. Það er verið að þýða OpenOffice á íslensku.

Gildi opins (og ókeypis) hugbúnaðar (OH)

Opinn (og ókeypis) hugbúnaður (OH) er tölvuhugbúnaður sem lýtur ákveðnum lögmálum, þ.e. allir eiga að geta nálgast hann frítt, breytt grunnkóða hans og dreift síðan ótakmarkað.

Margir eru þeirrir skoðunar að frjáls hugbúnaður verði meginuppistaða í opinberum rekstri eftir því sem líður á 21. öldina og þá ekki síst í skólakerfinu. Rök fyrir notkun OH í skólakerfinu eru margvísleg og þá m.a. þessi:

1. OH gefur möguleika á vali milli hugbúnaðar og þátttöku nemenda í að þróa hann.

2. OH eflir þannig tölvufærni nemenda meira en annar hugbúnaður því hægt er að breyta honum að vild.
3. OH eflir ábyrgðarskyldu í opinberum rekstri með því að nýta vel fjármagn til opinberrar starfsemi.
4. Notkun OH í skólum einfaldar möguleika nemenda að vinna tölvuverkefni í heimanámi þar sem þá eru ekki gerðar kröfur um að heimilin þurfi að kaupa (séreignar)hugbúnað.
5. Notkun OH í skólum gerir nemendum ekki háða ákveðnum framleiðendum (séreignar)hugbúnaðar og stuðlar þannig ekki að



Skólaþróun

markaðsháðri vöru í þágu einstakra framleiðenda.

Bak við OH stendur alþjóðleg hreyfing fólks sem vill stuðla að almennu tölvulæsi fólks um allan heim. Hreyfingin nefnist *Free software movement* og vinnur að samhæfingu opins hugbúnaðar við opna tölvustaðla og er með 25 ára sögu að baki. Slíkt tryggir að OH vinnur betur saman og verði fjölbærari í notkun en séreignarhugbúnaður. Markmiðið er að þekking sé ekki lokuð af eða takmörkuð eftir ríkidæmi fólks og þróun OH er því félagslegt alheimsverkefni.

VERKEFNISVEFSLÓÐ: http://en.wikipedia.org/wiki/Open_source_software



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 16. nóvember
192. fundur:

- Á fundinum voru rædd leik- skólamál og fjárhagsáætlun.



Tilkynning vikunnar

Laugardaginn 5. desember verður tónlistarhátíðin *Syngjandi jólfaldin* í Hafnarborg. Þar munu hafnirskir kórar syngja gestum og gangandi til gleði og skemmtunar. Þetta eru m.a. kórar úr leik- og grunnskólum bæjarins. Jólaþorpið opnar sama dag. Nánar kynnt í næsta *Skólavefriti*.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
27. nóvember 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» **Frá Námsgagnastofnun:** Stofnunin hefur sett á vef sinn yfirlit um nýtt efni sem komið hefur út í haust. Yfirlitið er hægt að nálgast á þessari vefslóð: <http://www.nams.is/media/upplýsingaefni/dreifibr.nov.2009.pdf>. Þá eru enn laus pláss á lífsleiknámsskeiði á vegum stofnunarinnar sem verður haldið næsta mánudag, 23. nóvember og var kynnt í síðasta *Skólavefriti*. Skráning er á netfangið ellen@nams.is. **Óbodnir gestir** er ný, skemmtileg og spennandi saga í flokknum *Auðlesin sögubók* fyrir miðstígg og unglíngastígg grunnskóla. Bókin er einnig til sem hljóðbók. Þá er komið út stuðningsefni fyrir kennara með bókinni **Byggingarlist í augnhæð**. Í bókinni er fjallað um íslenska byggingarlist og hún sett í sögulegt samhengi. Bókin er reyndar margslungin og kemur m.a. inn á snertifleti byggingarlistar við hinar ýmsu listgreinar. Í henni er líka að finna mörg verkefni.



» Dr. Gyða Margrét Pétursdóttir flytur fyrirlestur sem nefnist **Valdinu viðhaldið innan áru kynjajafnréttis** fimmtudaginn 26. nóvember kl. 12-13.30 í Þjóðarbóklöðunni. Í erindinu er greint frá niðurstöðum viðamikillar rannsóknar á vinnuþvingu, kynjatengslum og fjölskylduábyrgð á þremur ólíkum sviðum á vinnuþingaði, á einkamarkaði og í opinbera geiranum. Til viðbótar var skoðuð verkaskipting heimilisverka, umönnun barna og frítími meðal gagnkynhneigðra Íslendinga, karla og kvenna sem eiga börn.

Myndirnar eru frá námskeiði í Lækjarskóla um Linux stýrikerfið sem lauk í vikunni. Kennari var Björn Þór Jóhannesson, kerfisstjóri/tölvunarfræðingur.

Í tilefni 20 ára afmælis Barnasáttmála SP

Í tilefni af 20 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum, BÆR, á Menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir dagskrá mánudaginn 23. nóvember kl. 12-13 í húsnæði þess í Stakkahlíð. Próffessorarnir Gunnar Finnbogason og Guðrún Kristinsdóttir flytja ávörp um réttindi og málefni barna. Kynnt verða sjálfboðaliða-verkefni sem kennaranemum gefst kostur á

að taka þátt í. Þau felast annars vegar í nýrri svarþjónustu fyrir börn og unglínging á heyrumst.is sem



VEFSLÓÐ: http://www.hi.is/is/vidburdir/20_ara_afmaeli_barnasattmalans



Símenntun

Barnaheill stendur fyrir og hins vegar í verkefninu Félagsvinur á vegum Rauða Kross Íslands. Þá sýna nemendur 8. og 9. bekk Austurbæjarskóla stuttmyndir um tjáningu og tjáningarfrelsi sem þau unnu í tengslum við svarþjónustuna heyrumst.is.

Bókasafn Menntavísindasviðs verður með sýningu á efni, bókum og lokaritgerðum sem fjalla um Barnasáttmálann og barnavernd en margir nemar sviðsins hafa unnið verkefni um það efni.

Námskeið í næstu viku -haustannarlök



Vefhornið

Mánudagur 23. nóvember:

- Námskeið 301, **Grunnnámskeið í myndvinnslu (Paint.Net)**, í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Fjórði og síðasti tími af fjórum.
- Námskeið 501, **Mannréttindi og lýðræði í skólafunni**, í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Þriðji og síðasti tími af þremur.

Nýr námskeiðsbæklingur mun koma út um námskeið á vorönn 2010 og kemur út síðari hluta janúarmánaðar að öllu óbreyttu.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/